



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Reglur Sveitarfélagsins Voga um úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021

1. gr.

Tilfni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþrótt- og tómstundastarf, sbr. fjáráukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Inntak styrkveitingar

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal greiða íþrótt- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþrótt- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Ekki er heimilt að nýta íþrótt- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.

3. gr.

Umsókn

Íþrótt- og tómstundastyrk skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast til sveitarfélags fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá Ísland.is, þar sem fæst sjálfvirk niðurstaða hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið 2. gr. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til Sveitarfélagsins Voga. Staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til sveitarfélags.



SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR

Þegar sjálfvirk niðurstaða frá Ísland.is liggur fyrir sækir umsækjandi um styrk til sveitarfélagsins. Með umsókninni skulu fylgja gögn er sína fram á útlagðan kostnað við íþrótt- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020-2021.

Umsækjandi getur óskað eftir því að sveitarfélagið greiði styrkinn til íþróttafélaga og/eða /námskeiðshaldara en þá þarf að senda greiðsluseðil á sveitarfélagið með skýringu um þátttakandann.

4. gr.

Málsmeðferð

Umsókn eru afgreidd og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kæruheimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

5. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021 eru settar af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga.

Samþykkt á 315. fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga 21. október 2020 og staðfest á 173. fundi bæjarstjórnar 28. október 2020.



Vogar
Bæjarstjóri

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri